

Hvalfjarðarsveit
Innrimel 3
301 Akranes

Garðabær, 3. september 2024
Málsnúmer: 202408-0017
IAS

Efni: Hafnarberg, breyting á aðalskipulagi - tillaga.

Vísað er í erindi frá Hvalfjarðarsveit, frá 14. ágúst 2024, þar sem óskað er eftir umsögn Náttúrufræðistofnunar vegna tillögu um aðalskipulagsbreytingu fyrir Hafnarberg.

Gerð er breyting á Aðalskipulagi Hvalfjarðarsveitar 2020 – 2036 skv. 1. mgr. 36. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 á lóð Hafnarbergs Hafnarlands (landnr. 208217), um 11 ha svæði sem nú er skilgreint sem frístundabyggð F21 verður breytt í verslunar- og þjónustusvæði, með heimild til fastrar búsetu innan svæðis. Landeigendur hyggjast hafa fasta búsetu á landinu. Áætlað er að byggja þar upp fyrir tvær fjölskyldur þ.e. íbúðarhús/bílskúr og skemmu auk gistihúsa til útleigu, starfsmannabústaði auk þjónustubygginga og tjaldsvæðis. Unnið verður deiliskipulag fyrir landið.

Náttúrufræðistofnun veitt umsögn um skipulagslýsinguna 21. júní síðastliðinn og ítrekar hér fyrri athugasemdir. Skipulagssvæðið er innan svæðis á náttúruminjaskrá, svæðið Hafnarskógur (nr. 237) og náttúrulegir birkiskógar njóta sérstakrar verndar samkvæmt 61. gr. náttúruverndarlaga (60/2013). Svæðið er einnig hverfisverndað (HV7) í Aðalskipulagi Hvalfjarðarsveitar 2020-2032. Náttúruminjar svæðisins hafa hátt verndargildi sem felst í samfelldri heild birkiskógar og náttúrulegri þróun hans. Aukin ásókn í uppbyggingu frístundabyggða og þjónustusvæða innan náttúruminjasvæðisins getur haft áhrif og mögulega rýrt verndargildi náttúruminja sem er ekki í góðu samræmi við lög um náttúruvernd. Huga þarf að því við frekari vinnslu skipulagsins.

Náttúrufræðistofnun áskilur sér rétt að frekari athugasemdum síðar.

Virðingarfyllst,

Ingvar Atli Sigurðsson

Ingvar Atli Sigurðsson
jarðfræðingur

